

Umræða um íslenskukennslu barna og fólks af erlendum uppruna að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins

Greinargerð

Móttaka barna og fullorðinna af erlendum uppruna er eitt stærsta verkefnið sem blasir við íslensku samfélagi. Innflytjendum hefur fjölgað mikið undanfarið í Reykjavík. Það er því mikil áskorun framundan við að aðstoða þessa nýju borgarbúa að skilja og tala íslensku svo þeir geti aðlagast sem best íslensku samfélagi. Flokkur fólksins telur sérstaklega mikilvægt að fá góða og gagnlega umræðu um hvernig við eflum íslenskufærni barna og fullorðinna af erlendum uppruna.

Það er mikilvægt fyrir alla þjóðfélagsþegna að geta skilið og tjáð sig á íslensku. Það er forsenda þess að þeir geti tekið þátt í lýðræðislegu þjóðfélagi og látið til sín taka. Íslenskukunnátta fólks af erlendum uppruna er lykillinn að farsæld, hamingju og framgangi þeirra í þjóðfélagi okkar.

Það að efla íslenskukunnátta fólks af erlendum uppruna er ekki eingöngu mikilvægt fyrir fólkið til að verða fullgildir borgarar heldur er það liður í að við varðveitum íslenska tungu og menningu. Þetta verkefni er gríðarleg áskorun vegna mikillar fjölgunar innflytjenda undanfarið. Innflytjendur eru nú rúmlega 20% af íbúum í Reykjavík og fjölgar stöðugt. Við viljum öll taka vel á móti nýjum borgurum og að þeim líði vel í samfélagi okkar. Mikilvæg forsenda til að svo geti orðið er að fólk skilji það tungumál sem talað er í samfélaginu. Ábyrgðin er ekki bara hjá skólunum og stjórnvöldum heldur er ábyrgðin hjá okkur öllum, þ.e hverjum og einum einstaklingi. Hvernig mætum við fólki sem ekki talar íslensku og komum þeim skilaboðum til þeirra að það sé mikilvægt að læra íslensku og síðast en ekki síst hvernig leiðbeinum þeim í þeirri vegferð að læra íslensku? Ábyrgð Reykjavíkurborgar er mikil. Í skólum borgarinnar fer fram íslenskukennsla fyrir börn af erlendum uppruna og hana þarf að styrkja og efla. Starfsfólk Reykjavíkurborgar er mjög fjölbreyttur hópur sem endurspeglar litríka flóru samfélagsins. Reykjavíkurborg hefur þá stefnu að starfsfólk borgarinnar, með annað móðurmál en íslensku, skuli eiga kost á hagnýtum íslenskunámskeiðum. Flokkur fólksins telur mikilvægt að fá góða umræðu í borgarstjórn um þessa miklu áskorun sem bíður okkar.